

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

#### *Blikastaðavegur 2-8.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykktu borgarráð Reykjavíkurborgar þann 2. apríl 2009 og skipulagsstjóri þann 5. júní 2009 breytingu á deiliskipulagi Stekkjarbrekkna vegna lóðarinnar að Blikastaðavegi 2-8. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Sogavegur 224.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulagsstjóri Reykjavíkurborgar þann 9. október 2009 breytingu á deiliskipulagi Sogavegar vegna lóðarinnar að Sogavegi 224. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Laugavegur 50.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti borgarráð Reykjavíkurborgar þann 2. júlí 2009 breytingu á deiliskipulagi fyrir reit 1.173.1 vegna lóðarinnar að Laugavegi 50. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Háskóli Íslands.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykktu borgarráð Reykjavíkurborgar þann 20. ágúst 2009 og skipulagsstjóri þann 16. október 2009 breytingu á deiliskipulagi fyrir lóð HÍ, vestan Suðurgötu vegna byggingareits A1. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsstjóri Reykjavíkurborgar, 3. nóvember 2009.*

**Ólöf Örvarsdóttir.**

---

B-deild – Útgáfud.: 17. nóvember 2009